

# Háreistar hallir

Kjallari

þorvaldur Gylfason  
skiffar



Hygginn  
maður setur  
ekki eggan sín öll  
íeina körfu

**H**vers var að vænta fyrir 40 árum af örlitlu eyðimerkurlandi, lítilli spildu, þar sem aðeins 25 karlar höfðu lokið háskólanámi? - og engar konur. Varla mikils. En nú er óldin önnur í Dúbai og öðrum borgum við sunnanverðan Persaflöa. Þar ber nú háreistar hallir úr marmara, stáli og gleri við heiðbláan himininn líkt og í Singapúr og Sjanghai. Dúbai státar af haesta húsi heims, Burj Khalifa, sem er 163 hæðir borð saman við 103 hæðir í Empire State-byggingunni á miðri Manhattan. Úr Burj Khalifa er innanengti í íðandi mannhafið í sterstu verzlunarmiðstöðum heims. Aðeins sjöttungur íbúa í Dúbai, sem eru um tvað milljónir talsins, er innfaeddur. Hinir fimm af hverjum sex heimsekkja landið nokkur ár í senn, einkum frá Indlandi, Pakistan og Bangladess. Innfaeddur hugsa sem svo: Hví skyldum við vinna verkini, ef við getum fengið aðra til þess gegn vægu gjaldi? Hugsunarháttur Evrópumanna leiðir yfirleitt til annarrar niðurstöðu: Hví skyldum við greiða öðrum fyrir að gera það, sem við getum gert sjálf?

## EKKI BARA ÖLIA

Dúbai er borgaríki, ekki olíuland, eitt sjö ríkja í Sameinuðu arabísku furstademnum. Annað ríki í sambandinu er olíulandið Abú Dabi, næsti bar við, en hin sambandsríkin fimm þekkja fáir í okkar heims hluta með nafni. Séu Sameinuðu

arabísku furstadaemini skoðuð sem ein heild, stendur olíuframleiðsla á bak við fjórðung af landsframleiðslu, þríj fjórðu hluta gjald-eyristekna og fjóra fimmstu hluta teknar ríkisins, sem veitir 85% af mannaflanum vinnu. Aðeins Katar, Singapúr og Noregur bjóða þegnum sínum meiri tekju á mann en Sameinuðu arabísku furstadaemini. Næst á eftir þeim koma Sviss, Hong Kong, Bandaríkin og Sádi-Arabía skv. nýjum tölum Alþjóðabankans. Þar næst koma Svíþjóð, Þýskaland og Danmörk.

Átta efstu sæti listans skipa sem sagt fjögur olíulönd (Katar, Noregur, Sameinuðu arabísku furstadaemini og Sádi-Arabía) og þríu önnur lönd gersneydd olíu og öðrum náttúruauðlindum (borgaríkin Singapúr og Hong Kong og einnig Sviss) aust Bandaríkjanna. Pessi upptalning minnir okkur á, að náttúruauðlindir eru ekki upphaf og endir alls efnahagslífs. Listinn ad framan kann að breytast vegna mikillar lækkunar olíuverðs að undanförmu. Lykillinn að lífskjara-býtingunní í Dúbai er hinn sami og í Singapúr og Hong Kong: borgarífi, verzlinn og viðskipti, ekki bara við náleg olíulönd, heldur við heiminn eins og hann leggur sig. Sviss og Bandaríkin hafa þá sérstöðu í hátekjuhópnum að gera hvorki út á auðlindir né þéttbyli.



## Skin og skuggar

Fólkviði í Dúbai er að jafnaði ríkara en íbúar Sameinuðu arabísku furstadaemannna í heild mælt í tekjunum á mann alveg eins og Paris er ríkari en Frakkland og Sjanghai er ríkari en Kína. Borgir eru yfirleitt hagkvæmar rekstrareiningar. Þéttbýli borgar sig. Borgaríki þurfa ekki að vera kostnað, sem fylgir ýmsum smárekstri í dreifðum byggðum. Þetta er ein höfuðskýringin á þeim umskiptum, sem hafa átt sér stað í Dúbai og Abú Dabi. Í eyðimerkurlandi, þar sem aðeins 25 karlar höfðu lokið háskólanámi um 1970, vafrar nú níu af hverjum tíu um netið að stabaldri, næstum jafnhátt hlutfall og hér heima. Yfirvöldin sjá að vislu til þess, að tölvu-notendur komast ekki hvert sem er á netinu, enda er lýðræði verulega ábótant einnig að öðru leyti ekki bara í Sameinuðu arabísku furstademnum, heldur í Arabaheiminum öllum.

Arabar hafa margir næman skilning á nauðsyn þess að auka fjölbreytni í efnahagslífinu og gera ekki einungis út á olíu, þar eð það

er of áhættusamt. Hygginn maður setur ekki eggan sín öll í eina körfu. Því leggja stjórnvöld kapp á að umbreyta náttúruauðlinum í mannað með því m.a. að efla menntun. EKKI er til að dreifa að sama skapi nænum skilningi á gildi þess að efla fjölræði í stjórnmálum og leyfa ólikum sjónarmiðum að keppa um hyllj kjósenda frekar en að láta fámennum hópi efur öll völd. Rökin fyrir fjölbreyttu efnahagslífi og fyrir lýðræði eru sömu ættar. Málið snýst í báðum dænum um áhættudreifingu. Einhæft efnahagslífi teflir af miklu valdi upp í hendurnar á einum atvinnuvegi. Einræði í stjórnmálum teflir með líku lagi af miklu valdi upp í hendurnar á einum hópi manna, jafnvel einum manni.

Eina landið í Arabaheiminum, sem hefur tekið umtalsverðum framförum í lýðræðisátt að undanförru, er Túnis. Þar gáfu mótmæli almennings á góttum úti af sér nýja, nútímalega stjórnarskrá. Stjórnmálamenn í Túnis voguðu sér ekki að standa í vegi fyrir vilja fólksins. ■